



Hreppsnefnd 29.01.2009

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 29. janúar 2009 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00
Mætt á fund voru Aðalbjörn Björnsson, Anna Pála Víglundsdóttir, Halldóra S. Árnadóttir, Borghildur Sverrisdóttir, Björn Halldórsson, Guðrún Anna Guðnadóttir og Kristín H. Reynisdóttir.
Jafnframt voru mættir Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri og Mágús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 15. janúar sl.
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 15. janúar sl.
Fundargerðin síðan samþykkt.

2. mál Fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar 22. janúar sl.
Lögð fram fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar frá 22. janúar sl.
Gerð var grein fyrir 2. tl. fundargerðarinnar, varðandi uppsögn æskulýðsfulltrúa. Ennfremur var vakin athygli á b), c) og f) lið 3. tl. fundargerðarinnar, varðandi opnun íþróttahúss, tillögu um að gefa frítt í íþróttatæki í febrúar og útleigu á íþróttasal til nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla.
Spurt var um uppsögn íþrótt- og æskulýðsfulltrúa, og hvort auglýsa ætti starfið laust til umsóknar.
Oddviti svaraði og greindi frá því að boðið yrði með endurráðningu meðan sú óvissa í efnahagsmalum sem nú ríkir gengur yfir.
Sveitarstjóri gerði síðan grein fyrir morgunopnun og að boðið yrði frítt í febrúarmánuði í tækjasal, sbr. 3. mál b) og d) í fundargerð. Ennfremur vék hann að f) lið. Lagði síðan til að nefndir liðir yrðu samþykktir. Nokkrar umræður urðu um þessi mál, þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum.
Hreppsnefnd samþykkti síðan fyrirbyggjandi tillögur æskulýðsnefndar um morgunopnun til reynslu og einnig tillögu um að gefa frítt í íþróttatæki í febrúar og tillögu um afnot 9. og 10. bekkjar af íþróttasal.
Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

3. mál Fundargerðir stjórnar Skiphólma frá 21. janúar sl. og aðalfundar félagsins frá sama degi.
Lagðar fram fundargerðir stjórnar Skiphólma ehf. frá 21. janúar sl. og aðalfundar félagsins frá sama degi.
Á aðalfundi félagsins voru Ólafur Ármannsson, Anna Pála Víglundsdóttir og Guðrún Anna Guðnadóttir kosin í stjórn félagsins og til vara voru kosin Aðalbjörn Björnson og Björn Halldórsson.
Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.

4. mál Deiliskipulag hafnar- og miðsvæðis á Vopnafirði.- Staðfesting skipulagsins.
Lagðar fram umsagnir Heilbrigðiseftirlits Austurlands frá 11. janúar sl., Umhverfisstofnunar frá 29. janúar og Siglingastofnunar frá 19. janúar sl. ennfremur lögð fram deiliskipulagstillagan, sem unnin var af Teikn á lofti dags. 6. nóv. 2008 og breytt 29.01.09
Sveitarstjóri gerði grein fyrir því að auglýstur athugasemndafrestur væri liðinn. Engar athugasemdir hefðu borist. Nú lægju fyrir umsagnir tilskyldra aðila og jafnframt hefðu verið gerðar lítilsháttar lagfæringar á greinagerð með skipulaginu til samræmis við ábendingar Skipulagsstofnunar.

Lögð fram svofelld tillaga: „Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir fyrirbyggjandi deiliskipulag hafnar- og miðsvæðis með áorðnum óverulegum breytingum og felur sveitarstjóra að senda skipulagið til Skipulagsstofnunar til yfirferðar með ósk um heimild til að auglýsa gildistöku þess. Fyrst verði deiliskipulagstillagan ásamt umsögnum kynnt í byggingar- og skipulagsnefnd sveitarfélagsins.“
Fyrirbyggjandi tillaga samþykkt samhljóða.

5. mál Byggðakvóti-Áður tekið fyrir á fundi hreppsnefndar 15. jan. sl.

Áður fjallað um málið á fundi hreppsnefndar 15. janúar sl. Afgreiðslu málsins var þar frestað milli funda. Vék oddviti, Aðalbjörn Björnsson, af fundi við afgreiðslu málsins, tók Anna Pála við stjórn fundarins á meðan.

Lagðir fram minnisþingar frá fundi sem haldinn var með trillusjómönnum 22. janúar sl. um þessi mál þar sem meðal annars var fjallað um möguleika á því að stofnsetja fiskvinnslu á Vopnafirði.

Jafnframt var þar fjallað um tillögu atvinnuálagnefndar um breytingu á reglugerð sjávarúvegsráðuneytisins um úthlutun á byggðakvóta 2007/2008 á báta.

Gerði sveitarstjóri nánar grein fyrir fundinum með fulltrúum smábátæigenda og þeirri umfjöllun sem þar átti sér stað. Á fundinum var fjallað um möguleika á því að stofnsetja fiskvinnslu á Vopnafirði. Ennfremur komu fram nokkuð skiptar skoðanir um það hvernig best væri staðið að mótun reglna um úthlutun byggðakvóta á báta.

Kynnt var bréf nokkurra trillukarla sem barst rétt fyrir fund nú í dag 29. janúar 2009. Fram fór mikil umræða um málið en að því búnu var lögð fram til afgreiðslu tillaga atvinnuálagnefndar sem hljóðar svo:

„Tillaga að úthlutun byggðakvóta Vopnafjarðarhrepps 2007/2008.

Ákvæði reglugerðar nr. 605 frá 24. júní 2008 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2007/2008 gilda um úthlutun byggðakvóta Vopnafjarðarhrepps með eftirfarandi breytingum:

1. Ákvæði 4. gr. um 15 þorskígildislesta hámarksúthlutun fellur niður.

2. Skipta skal ½ úthlutaðs byggðakvóta, 58,5 þorskígildistonnnum, jafnt á milli þeirra báta/skipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og sækja um. Eftirstöðvunum, 58,5 þorskígildistonnnum, skal skipt í hlutfalli við landaðan afla í þorskígildum talið í sveitarfélaginu á tímabilinu 01. maí 2007 til 30. apríl 2008 að frádrengnum byggðakvóta fyrra árs.

Ekkert skip stærra en 1000 brúttótonn fær úthlutun.

3. Geti bolfiskvinnsla á Vopnafirði ekki nýtt sér aflann til vinnslu skal vinnsluskylda byggðakvóta skv. 6. gr. aflétt.

4. Ákvæði reglugerðarinnar nr. 605 frá 24. júní 2008 gilda að öðru leyti.

Fyrirliggjandi tillaga atvinnuálagnefndar var síðan samþykkt samhljóða.

Þar næst var samþykkt samhljóða að fulltrúar sveitarfélagsins í viðræðum um bolfiskvinnslu verði Ólafur K. Ármannsson, Björn Halldórsson og Þorsteinn Steinsson.

6. mál. HSA ósk um niðurfellingu dráttarvaxta.

Lagt fram bréf Heilbrigðisstofnunar Austurlands frá 12. janúar, þar sem óskað er eftir niðurfellingu dráttarvaxta vegna fasteignagjalda á fasteignir fyrirtækisins á Vopnafirði.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu og greindi frá því að Heilbrigðisstofnunin hefði greitt upp gjöldin í desember sl.

Í umræðum fundarmanna kom fram að erfitt væri að samþykkja fyrirliggjandi erindi, sökum þess að það gæfi fordæmisgildi gagnvart öðrum skuldurum þessara gjalda, en þessi gjöld hafa lögveðsrétt í viðkomandi húsnæði.

Hreppsnefnd samþykkti samhljóða að hafna ósk HSA um niðurfellingu dráttarvaxta.

Jafnframt samþykkti hreppsnefnd að kalla eftir fundi með forsvarsmönnum HSA varðandi starfsemi stofnunarinnar á Vopnafirði.

7. mál. Drekasvæðið- Næstu skref

Lögð fram fundargerð Drekasvæðisins ehf. frá 20. janúar sl. Í 3. tl. fundargerðarinnar óskar Drekasvæðið ehf. eftir því að að sem fyrst verði haldinn sameiginlegur fundur með

sveitarstjórnarmönnum í Langanesbyggð og Vopnafirði, þar sem framhald mála verði rætt.

Hreppsnefndarmenn lýstu yfir ánægju sinni með þá vinnu sem unnin hefði verið í þessum málum

fram að þessu og fyrirkomulag fundarins þar sem Drekasvæðisskýrslan var kynnt. Hreppsnefnd samþykkti fyrir sitt leyti að slíkur fundur yrði haldinn og benti á að eðlilegt væri að hann væri haldinn í tengslum við aðalfund félagsins.

8. mál. Ýmis bréf og erindi.

a) Bréf Félags-og tryggingamálaráðuneytisins frá 5. janúar varðandi húsaleigubætur.
Lagt fram til kynningar

Ekki fleira tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:45.